

**618. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
mánudaginn 11. september 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Marinó Bjarnason (MB) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir 618 fund lögmætan.

Aðalfulltrúinn Guðlaugur Jónsson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Marinó Bjarnason fundinn í hans stað.

Dagskrá:

1. Aðild Strandabyggðar að Velferðarþjónustu Vestfirðinga - 2305071

Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum um aðild Strandabyggðar að samningnum. Lagt fram til síðari umræðu.

Áður á dagskrá á 617. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 22.08.2023.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða Viðauka I við Samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum um aðild Strandabyggðar.

2. Kosning um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2306262

Tillaga samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræða Tálknafjarðarhrepp og Vesturbyggðar um að kosningum sameiningu sveitarfélaganna fari fram 9. október 2023 til 28. október 2023 og að kosningaaldur miðist við 16 ár. Einnig leggur samstarfsnefndin til að drög að kjörseðli verði samþykkt og að sameiginlegri kjörstjórn verði falið að ákveða staðsetningu og fjölda kjörstaða, skiptingu í kjördeildir og opnunartíma kjörstaða.

Mál frá 10. fundi samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðar og Vesturbyggðar sem fór fram 23.08.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu samstarfsnefndar varðandi framkvæmd kosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

3. Kjör í fastanefndir til fjögurra ára 2022-2026 - 2205202

Breytingar á fulltrúum í fastanefndum á vegum Tálknafjarðarhrepps teknar fyrir.

Gerður Rán Freysdóttir hefur óskað eftir lausn frá störfum í Fræðslunefnd og því þarf að gera breytingu á skipan fulltrúa í nefndinni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Stefánía M. Reimarsdóttir taki sæti Gerðar Ránar

Freysdóttur sem aðalmaður í fræðslunefnd og að Ingibjörg Jóna Nóadóttir taki sæti sem fyrsti varamaður í nefndinni. Fræðslunefnd er því skipuð þannig:

Aðalfulltrúar:

Jóhann Örn Hreiðarsson, formaður

Jónas Snæbjörnsson

Stefanía M Reimarsdóttir

Varafulltrúar:

Ingibjörg Jóna Nóadóttir

Nancy Rut Helgadóttir

Guðlaugur Jónsson

4. Ferð fermingarbarna í Vatnaskóg 2023 - 2308095

Erindi frá sóknarpresti dags. 29.08.2023 þar sem óskað er eftir styrk vegna árlegrar ferðar fermingarbarna úr Patreksfjarðarprestakalli í Vatnaskóg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja ferð fermingarbarna í Vatnaskóg haustið 2023 um kr. 10.000,- á barn, eða samtals að upphæð kr. 60.000,-.

5. Gott að eldast - 2309011

Erindi frá sviðstjóra fjölskyldusviðs Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps dags. 23.08.2023 þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps lýsi yfir áhuga á því að taka þátt í tilraunaverkefninu Gott að eldast.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða að sveitarfélagið lýsi áhuga á því að taka þátt í verkefninu "Gott að eldast" í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafjarðarbæ, Súðavíkurhrepp, Bolungarvíkurkaupstað og Vesturbyggð.

6. Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd - 11 - 2309001F

Fundargerð 11. fundar íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 05.09.2023.

Fundargerðin er staðfest með fjórum atkvæðum.

JJJ situr hjá við afgreiðslu fundargerðarinnar.

- 6.1 2305104 - Áskoranir frá félagi eldri borgara
- 6.2 2309009 - Félagsmiðstöðin Tunglið 2023-2024
- 6.3 2308072 - Bókasafn Tálknafjarðar 2023-2024
- 6.4 2308069 - Starfsemi Íþróttamiðstöðvar veturinn 2023-2024
- 6.5 2309001 - Íþróttasalur fyrir leikskólabörn
- 6.6 2308028 - Fundadagatal 2023-2024
- 6.7 2308037 - Norræna ungmennaráðstefnan 2023
- 6.8 2308061 - Göngum í skólann 2023
- 6.9 2308085 - Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði
- 6.10 2305187 - Íþróttavika Evrópu 2023

7. Rekstraryfirlit 2023 - 2306328

Mál frá 617. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 22.08.2023.

Lagt fram.

8. Framkvæmdir 2023 - 2303171

Farið yfir stöðu framkvæmda á vegum Tálknafjarðarhepps 2023.

Lagt fram.

9. Heimsókn forseta Íslands - 2308107

Dagskrá heimsóknar forseta Íslands til Vesturbyggðar og Tálknafjarðar 31.08.2023-02.09.2023.

Lagt fram.

10. 68. Fjórðungsping Fjórðungssambands Vestfirðinga að hausti - 2309010

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 31.08.2023 þar sem boðað er til 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, 06.10.2023-07.10.2023 í Bolungarvík.

Lagt fram.

11. Endurskoðun á fyrirkomulagi Fiskeldissjóðs - 2309012

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 01.09.2023 þar sem send er til umsagnar greinargerð vegna breytinga á fyrirkomulagi Fiskeldissjóðs. Gefinn er frestur til 08.09.2023 til senda inn athugasemdir. Jafnframt er lögð fram sameiginleg umsögn Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps við greinargerðina dags. 08.09.2023 unnin í sameiningu af framkvæmdastjórum sveitarfélaganna.

Lagt fram.

12. Aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Brunabótarfélag Íslands 2023 - 2308081

Erind frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótarfélag Íslands dags. 23.08.2023 þar sem boðað er til aðalfundar félagsins sem fer fram á Berjaya Reykjavík Natura Hótel 06.10.2023.

Lagt fram.

13. Hvítbók um húsnæðismál - 2308076

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 18.08.2023 þar sem vakin er athygli á því að hvítbók um húsnæðismál er til kynningar á samráðsgátt stjórnvalda.

Lagt fram.

14. Grænbók um skipulagsmál - 2308001

Umsögn Tálknafjarðarhrepps um Grænbók um skipulagsmál dags. 24.08.2023.

Lagt fram.

15. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Upplýsingagjöfin var rædd.

16. Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046

Fundargerð 10. fundar samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 23.08.2023.

Lagt fram.

17. Fundargerðir Fjallskilaneftndar 2023 - 2308104

Fundargerð 27. fundar fjallskilaneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 29.08.2023.

Lagt fram.

18. Fundargerð vegna sorpsamnings verkfundir - 2207047

Fundargerð verkfundar vegna samnings Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps við Kubb ehf um sorphirðu sem fór fram 17.08.2023.

Lagt fram.

19. Kjörstjórn vegna kosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2306260

Fundargerðir funda kjörstjórnar vegna kosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar nr. 1 sem fór fram 27.06.2023, nr. 2 sem fór fram 23.08.2023, nr. 3 sem fór fram 31.08.2023 og nr. 4 sem fór fram 06.09.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:22.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Marínó Bjarnason (MB)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ)